

## ***BORGARRÁÐ 4. febrúar 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um skólahljómsveitir í hverfum Reykjavíkur - R19090203***

Í ljósi nýútkominnar skýrslu um framtíð tónlistarnáms í Reykjavík vill fulltrúi Flokks fólksins leggja aftur fyrir tillögu um að stofnaðar verði skólahljómsveitir í öllum hverfum borgarinnar en borgarhverfin eru 10. Ástæða fyrir framlagningu tillögunnar nú er að í vinnu stýrihópsins var ekki uppbygging tónlistarkennslu í grunnskólum skoðuð samhliða en það hefði verið nauðsynlegt til að leita leiða til að draga úr ójöfnuði. Þegar kemur að tónlistarnámi á ójöfnuður rætur sína að rekja til bágs efnahags foreldra en einnig skorts á eftirspurn. Ef horft er til skólahljómsveita þá eru þær mikilvæg mótvægisáðgerð til að jafna tækifæri barna til tónlistarnáms. Á meðan grunnskólar bjóða ekki upp á t.d. píanókennslu sem ekki er á allra færi að stunda vegna mikils kostnaðar, gæti þátttaka í skólahljómsveit verið valmöguleiki. Þá er dregið úr ójöfnuði og mismunun á grundvelli efnahags foreldra þegar kemur að tækifæri til að stunda tónlistarnám. Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram 19. 9. 2019, tillögu að skólahljómsveitir verði í öllum 10 hverfum borgarinnar en hún var felld. Nám í einkareknum tónlistarskóla er dýrt. Tónlistarskólinn á Klébergi, Kjalarnesi er eini tónlistarskólinn sem er alfarið rekinn af Reykjavíkurborg. Borgin er með þjónustusamninga við 17 einkarekna tónlistarskóla. Þeir njóta styrkja frá Reykjavíkurborg en setja sína eigin gjaldskrá.

### **Greinargerð:**

Eins og stendur eru aðeins 4 skólahljómsveitir í fimm hverfum, í Austurbæ, Árbæ og Breiðholti, Vesturbæ og Grafarvogi. Eftir stendur Grafarholt og Úlfarárdalur, Háaleiti og Bústaðir, Laugardalur, Hlíðar og Miðborg. Á 7 hundruð nemendur stunda nám í þessum hljómsveitum. Nemendur í grunnskólum borgarinnar eru tæp 15 þúsund. Vel má því gera því skóna að mun fleiri nemendur hefðu áhuga á að sækja um aðild að skólahljómsveit. Eins og staðan er í dag er ekki boðið upp á tónlistarkennslu í grunnskólum að heitið geti. Nám í einkareknum tónlistarskóla er dýrt og ekki á færi allra foreldra að greiða fyrir börn sín.

Tónlistarskólinn á Klébergi, Kjalarnesi er eini tónlistarskólinn sem er alfarið rekinn af Reykjavíkurborg. Borgin er með þjónustusamninga við 17 einkarekna tónlistarskóla. Þeir njóta styrkja frá Reykjavíkurborg en setja sína eigin gjaldskrá. Í ljósi þessa er afar mikilvægt að skólahljómsveitir sé í öllum hverfum. Á meðan skólar eru almennt séð ekki að bjóða upp á tónlistarnám og ekki á allra færi að stunda slíkt nám vegna mikils kostnaðar sem því fylgir gæti þátttaka í skólahljómsveit verið góður valmöguleiki. Með því að hafa skólahljómsveit í öllum hverfum er tækifæri til tónlistarnáms flutt í nærumhverfi barnanna. Reykjavíkurborg á í þessu sem öðru er varðar börn að tryggja að þeim sé ekki mismunað á grundvelli efnahags foreldra.

Hlutverk og markmið skólahljómsveita:

stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar; jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms; efla félagsleg samskipti; efla sjálfsaga, samvinnu og sjálfstæð vinnubrögð; stuðla að aukinni tónlistarþekkingu og veita nemendum tækifæri til að koma fram; stuðla að tónlistaruppeldi annarra ungmenna með því að koma fram á vegum grunnskólanna.